



PRENTAÐJÓNUSTA
TUNNAN
tunnan@tunnan.is
Sími: 467 - 1288

TUNNAN
www.tunnan.is

16. tbl. 35. árg. 4. - 9. maí. 2023

Fjallabyggð



Takmörkun á lausagöngu katta á varptíma

Eigendur katta í Fjallabyggð eru minntir á að taka tillit til fuglalífs á varptíma, þ.e. frá 1. maí til 15. júlí, t.d. með því að hengja bjöllu á kettina og takmarka útiveru þeirra.

Lausaganga katta er bönnuð frá kl. 20 til kl. 08 á þeim tíma samkvæmt samþykkt um kattahald í Fjallabyggð.

Dýraeftirlit Fjallabyggðar

**BLABERA VANTAR TIL AÐ BERA ÚT TUNNUNA Á SIGLUFIRÐI.
HAFA SAMBAND: 467-1288 eða albert@tunnan.is**



Fasteignasala í Fjallabyggð

VINNUM SAMAN Í HEIMABYGGÐ

Arndís Erla Jónsdóttir
Löggiltur fasteignasali og
viðskiptalögfræðingur

S: 690-7282
arndis@fasteignamidun.is

Fjallabyggð



Auglýsing um skipulag í Fjallabyggð

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Snorragötu á Siglufirði:

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkti þann 29. mars sl. að auglýsa að nýju tillögu að breytingu á deiliskipulagi Snorragötu skv. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Áður auglýst breyting felst m.a. í að staðsetning göngu- og hjólastíga hefur verið breytt, sleppisvæði við hótél bætt við, miðeyjum bætt við gönguþveranir, deiliskipulagsmörk lagfærð og hringtorgi við Norðurtún breytt í T-gatnamót. Einnig hefur verið bætt við bryggjustúf austan Snorragötu til móts við Gránu þar sem áformað er að staðsetja listaverk.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi Snorragötu verður til sýnis á bæjarskrifstofu að Gránugötu 24, Siglufirði frá og með 28. apríl til og með 9. júní 2023. Tillagan verður einnig aðgengileg á heimasíðu Fjallabyggðar, www.fjallabyggd.is.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til föstudagsins 9. júní 2023. Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast Írisi Stefánsdóttur skipulagsfulltrúa annað hvort í Ráðhús Fjallabyggðar á Gránugötu 24, Siglufirði eða á netfangið iris@fjallabyggd.is.

Skipulagsfulltrúi.

**SKILAFRESTUR FYRIR AUGLÝSINGAR Í TUNNUNA.
ÞURFA AÐ BERAST FYRIR KL. 10.00 Á ÞRIÐJUDÖGUM.**

Nola

CRUELTY FREE
SNYRTIVÖRUVERSLUN

Sendum um land allt
www.nola.is

  

Fylgdu okkur á
samfélagsmiðlum

www.nola.is | 869-1877 | Ármúli 38, 108 Reykjavík



Sumarstarf

Upplýsingamiðstöð ferðamanna Fjallabyggð – Þjónustufulltrúi óskast



Laus er staða þjónustufulltrúa við Upplýsingamiðstöð ferðamanna og hjá bókasafni Fjallabyggðar. Unnið er til kl. 17.00 virka daga og til kl. 15.00 á laugardögum.

Leitað er að þjónustulundduðum og úrræðagóðum einstaklingi í 75% starf frá 5. júní – 18. ágúst. Starfsstöðvar eru tvær, Siglufirði og Ólafsfirði og því nauðsynlegt að hafa bilpróf og bil til umráða.

Upplýsingamiðstöð ferðamanna er staðsett í bókasafninu og sinnir þjónustufulltrúi upplýsingagjöf til ferðamanna ásamt almennum störfum bókarvörðar.

Helstu verkefni:

- Upplýsingagjöf til ferðamanna og dagleg umsjón upplýsingamiðstöðvar
- Almenn störf bókarvörðar og þjónusta við gesti bókasafnsins
- Umsýsla safnkosts bókasafns
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði ásamt einu Norðurlandamáli
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Staðgöð þekking á nærumhverfi Fjallabyggðar er kostur og einnig er æskilegt að þekking á Gegni, samskrá bókasafna sé til staðar.

Um er að ræða fjölbreytt starf þar sem reynir á að viðkomandi sé fljótur að læra og tileinka sér nýja hluti.

Nánari upplýsingar veitir Hrónn Hafþórsdóttir forstöðumaður, hronn@fjallabyggd.is

Umsóknarfrestur er til 17. maí n.k.. Umsóknum skal skilað til forstöðumanns Bóka- og Héraðsskjalasafns eða rafrænt á netfangið hronn@fjallabyggd.is. Öllum umsóknum verður svarað. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi launaneftdar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.